

Alþingi
Erindi nr. P 140/1991
komudagur 26.4.2012

Bréf

Alþingi, efnahags- og viðskiptanefnd.
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 26. apríl 2012
R2012040016

Efni: Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt - 666. mál.

Á Alþingi hefur verið lagt fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt - 666. þingmál. Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að tilefni þess sé tvíþætt. Í fyrsta lagi að hrinda í framkvæmd samkomulagi sem gert var milli ríkis og sveitarfélaga um endurgreiðslur á virðisaukaskatti til sveitarfélaga og stofnana eða félaga alfarið í þeirra eigu vegna innflutnings á sérútbúnum ökutækjum og hlífðarfatnaði vegna slökkvistarfa o.fl. Í öðru lagi er lögð til tímabundin breyting á lögum um virðisaukaskatt þar sem markmið breytingarinnar er að efla og flýta fyrir orkuskiptum í samgöngum með því að styrkja samkeppnishæfni rafmagns-, vetnis eða tengiltvinnbifreiða. Í frumvarpinu er einnig að finna breytingar sem ríkisskattstjóri lagði til að gerðar yrðu.

Af þessu tilefni vill ríkisskattstjóri benda á að í frumvarpinu felst ákveðið form af neyslustýringu sem almennt séð flækir frekar skattframkvæmd heldur en hitt. Eins og ákvæði 10 gr. frumvarpsins er framsett gerir ríkisskattstjóri ekki athugasemdir þar sem hið lægra skattverð er ákvarðað í tolli.

Annað form, svo sem nú er verið að ræða, að bifreiðainnflytjandi selji bifreiðar með mismunandi virðisaukaskattsprósentu, býður í eðli sínu upp á misnotkun og mistök. Það er því varhugaverð leið þótt hún sé vel framkvæmanleg. Augljóst er að allt eftirlit með bifreiðainnflytjendum yrði mun vandasamara, einkum með þeim sem eru að flytja inn tilfallandi, en eru ekki í föstum rekstri. Það er álit ríkisskattstjóra að líkur á undanskotum myndu aukast.

Enn önnur leið, að reikna fullan virðisaukaskatt í tolli og láta kaupendur bifreiðanna sækja um endurgreiðslu til ríkisskattstjóra, myndi skapa enn meiri vinnu hjá starfsmönnum ríkisskattstjóra auk þess að gera þyrfti kostnaðarsamar breytingar á tölvukerfum vegna tímabundinna ráðstafana. Ríkisskattstjóri mælir ekki með þeirri leið.

Ríkisskattstjóri áréttar ennfremur að öll frávik frá meginreglum virðisaukaskattslaga veikja framkvæmdina og virðisaukaskattskerfið sem slíkt auk þess að skapar aðstæður fyrir skattundanskot og leggur aukna vinnu á starfsmenn skattyfirvalda.

Að öðru leyti en að framan kemur gerir ríkisskattstjóri ekki athugasemdir við efni frumvarpsins en bendir á að ákvæði 6. gr. þess er til þess fallið að styrkja skattframkvæmdina og mælir embættið með því að það ákvæði verði lögfest.

Virðingarfyllt